



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Nóvember 2019

Góðan dag kæru forráðamenn

Nú þegar haustönnin er u.þ.b. hálfnuð hefur margt drifið á dagana í skólalífinu. Endurgerð B-álma var vígð föstudaginn 13. september og tekin í notkun í kjölfarið. Síðan þá hafa nemendur og starfsfólk verið að koma sér fyrir og finna besta skipulagið í álmunni. Mörg smáverk hafa verið unnin og enn á eftir að klára nokkur atriði til að allt komist í endanlegt horf. Þó áfram verði unnið að því að klára álmuna er fleira sem unnið er við í skólanum. Íþróttahúsið er nú komið á síðustu metrana og allir orðnir spenntir að sjá útkomuna enda von til þess að fljótlega fari vinna að klárast svo hægt verði að færa íþróttakennsluna aftur heim í hús.

En við horfum fram á við og erum strax farin að huga að næstu álmu en í vor verður hafist handa við endurgerð D-álmu skólans. Það verður því áfram mikið í gangi hér í Glerárskóla sem bæði er afar ánægjulegt en í leiðinni krefjandi verkefni sem allir þurfa að koma að með jákvæðu hugarfari og þrautseigju.

En nóg um framkvæmdir. Skólalífið er blómlegt og í byrjun október voru þemadagar þar sem nemendur unnu að verkefnum tengdum þjóðsögum fimm landa. Glerárskóli er nefnilega að stýra Erasmus+ verkefni um þjóðsögur þar sem fjögur önnur lönd taka þátt. Afrakstur þemadagana má nú m.a. sjá á göngum skólans.

Við höldum nú keik áfram skólaárið og er margt framundan bæði skemmtilegt og fræðandi. Minnum svo á að forráðamenn eru alltaf velkomnir í skólann.

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,

Eyrúnu, Helgu og Tómasi



25. október 2019

3. tbl. 9. árg

Til umhugsunar:

- Ábyrgð
- Lestur
- Endurskinsmerki
- Þrautseigja

Efnisyfirlit:

Nóvember 2019	1
Útivistartími og	1
Skóladagatal	2
Endurskinsmerki	2
Skautahöllin	2
Heimili og skóli	2
Ábyrgð	2
Umgengnissáttmáli	3
Jólafondur	3
Hrekkjavökuböll	3
Helstu viðburðir	3
Google netföng nemenda	4
Áhersla 2019-2020	4
Föt	4
Myndir augnabliksins	4

Útivistartími og svefn

Við minnum enn á að útivistartími nemenda breyttist þann 1. september s.l. og er nú sem hér segir:

12 ára börn og yngri mega lengst vera úti til kl. 20:00

13 - 16 ára börn mega lengst vera úti til kl. 22:00

Stöndum saman, fylgjum lögum, höldum vel utan um krakkana okkar og munum að okkar er ábyrgðin.



Í leiðinni minnum við á að góður svefn er gulli betri og að börnin okkar þurfa að **lágmarki 8 tíma** svefn á nóttu.

Skóladagatal—Glerárvision

Á skóladagatali í nóvember 2019 er gert ráð fyrir tveimur uppbrotsdögum og er annar þeirra Glerárvision. Eins og staðan er í dag vonumst við til að íþróttahúsið verði tilbúið til notkunar en ef svo illa vill til að það verði ekki munum við skoða alla möguleika í stöðunni. Um leið og ljóst er hvernig staðan verður og hvernig unnið verður úr henni verða allir látnir vita.

Endurskinsmerki og varkárni í umferðinni

Nú er orðið áliðið að hausti og birta hér á Norðurljóðum orðin af skornum skammti í morgunsárið og í eftirmiðdaginn. Við biðjum forráðamenn að brýna fyrir börnum sínum að **fara varlega í umferðinni**, nota gangstéttar, stíga og gangbrautir á leið sinni í og úr skóla.

Einnig biðjum við forráðamenn að merkja börnin sín vel með **endurskinsmerkum** því merkin geta verið lífsnauðsynleg þegar svartasta skammdegið gengur í garð.

Verum vakandi og „sjáumst“ í umferðinni.

Ferðir í Skautahöllina

Nemendur í 1.—3.bekk hafa fengið gott boð um að koma á skauta í Skautahöllinni. Ferðirnar verða sem hér segir:

1. bekkur: Miðvikudaginn 20. nóvember og miðvikudaginn 27. nóvember
2. bekkur: Miðvikudaginn 6. nóvember og föstudaginn 22. nóvember
3. bekkur: Föstudaginn 8. nóvember og föstudaginn 15. nóvember

Farið verður frá skólanum k. 8:15 og komið aftur í skólann milli kl. 11:00—11:30

Forráðamenn eru beðnir að sjá til þess að nemendur komi með **hlífðar– eða snjóboxur og vettlinga**.

Heimili og skóli

Undir flípanum **Foreldrar** á heimasíðu Glerárskóla hafa verið settir tengla á heimasíðu og Facebook-síðu samtakanna Heimili og skóli en þar má finna margvíslegt efni sem geta gagnast foreldrum og forráðamönnum barna.

Heimili og skóli eru frjáls félagasamtök, landssamtök foreldra. Samtökin veita foreldrum ráðgjöf og gefa út tímarit og ýmiss konar efni um foreldrastarf.

Ábyrgð og skyldur í skólasamfélaginu

Stjórnendur Glerárskóla vilja benda forráðamönnum á reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum sem finna má á eftirfarandi slóð: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1040-2011>

Sem foreldrar berum við ábyrgð á börnum okkar hvar sem þau eru og sem skólasamfélag ber okkur að starfa saman að því að mennta nemendur eins og best verður á kosið. Það er alltaf gott að kíka í reglugerðina og rifja upp ábyrgð og skyldur okkar í skólasamfélaginu.

Jólafondur Foreldrafélags Glerárskóla

Nú líður senn að jólavertíðinni enda ekki nema u.þ.b. 60 dagar til jóla.

Foreldrafélag Glerárskóla heldur árlegan jólafondurdag laugardaginn 30. nóvember n.k. frá kl. 11:00—13:00.

Hefð er fyrir því að nemendur mæti ásamt systkinum, foreldrum, ömmum, öfum, frændum og frænkum, allt eftir því hvað á við hverju sinni.

Föndrið verður í D-álmú skólans og nú er um að gera að fjölmenna og eiga notalega stund saman.

Jólafondrið er skipulagt af bekkjarfulltrúum og stjórn Foreldrafélagsins.

Umgengnisráttmáli Glerárskóla

Við komum fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur

- ◆ Við göngum rólega um húsnæði skólans
- ◆ Við göngum í röð þegar hópar fara á milli svæða/stofa
- ◆ Við notum inniröddina alls staðar í skólanum
- ◆ Við göngum vel um húsnæði skólans og skólalóðina
- ◆ Við höldum umhverfi okkar hreinu og flokkum rétt
- ◆ Við sýnum hvert öðru virðingu og erum kurteis og hjálpsöm
- ◆ Við hlustum á starfsfólk skólans og förum eftir fyrirmælum
- ◆ Við virðum skólareglur og bekkjarsáttmála

Helstu viðburðir í nóvember og desember 2019

8. nóvember:	Baráttudagur gegn einelti
15. nóvember:	Íslenskt mál—uppbot
20. nóvember:	Barnasáttmálinn 30. ára
29. nóvember:	Glerárvision

19.—20. desember:	Litlu jólin
21. desember:	Jólafrí nemenda hefst
3. janúar 2020:	Skóli hefst skv. stundaskrá

*„Hugsa um það helzt og fremst,
sem heiðurinn má næra;
aldrei sá til æru kemst,
sem ekkert gott vill læra.”*

Hallgrímur Pétursson

Hrekkjavökuböll

*Fimmtudaginn
14. nóvember n.k. verða
tvö Hrekkjavökuböll í
skólanum.*

*Hið fyrra fyrir 1.–4. bekk
kl. 17:00—18:00.*

*Hið síðara fyrir 5.–7. bekk
kl. 18:30—20:00.*

*Það er Nemendaráð sem
stendur fyrir þessum
skemmtilegu böllum en
ágóðinn rennur óskiptur til
nemenda.*



**Glerárskóli,
v/Höfðahlíð
600 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Föt, poki og klæðnaður

Við biðjum forráðamenn að hafa alltaf einn plastpoka í tösku nemenda nú þegar snjót og bleyta eru í veðurfarinu.

Einnig óskum við eftir því að aukaföt séu sett í töskurnar svo hægt sé að skipta ef föt blotna.

Bendum svo á að börnin þurfa að vera klædd eftir veðri þegar þau koma í skólann.

Myndir augnabliksins!



Þemadagar október 2019



Google umhverfið

Síðastliðið vor var sú ákvörðun tekin í Glerárskóla að vinna í Google umhverfi, svipað og margir grunnskólar á Akureyri hafa gert. Sótt var um leyfi til Google, svokallað Google for Education. Til að fá þannig leyfi þurfti bæði að fara í gegnum Bæjarstjórn Akureyrar og Menntamálaráðuneytið. Síðan í haust höfum við verið í innleiðingarferli á Google-umhverfinu með kennurum. Keyptar hafa verið Chromebook tölvur ætlaðar nemendum og hefur þetta farið vel af stað. Hver nemandi hefur fengið Google netfang og svæði inn á Google. Öll netföngi enda á glerarskoli.is. Með vinnu í þessu umhverfi mun ýmislegt breytast í tilhögun kennslu t.d. hvað varðar skil á verkefnum o.fl.

Helstu verkefni skólaársins 2019-2020

Helstu áherslurættir skólastarfsins 2019-2020 eru Jákvæður agi, umgengnismál, aukin tæknivæðing ásamt fjölbreyttu námsmati og fjölbreyttum kennsluháttum. Umhverfismál með sérstaka áherslu á lýðheilsu og jafnrétti. Glerárskóli leggur einnig áherslu á læsi, grenndar- og útikennslu og teymisvinnu. Skólinn er Olweusarskóli og hefur afar skýra eineltisáætlun. Glerárskóli nýtir jafnframt Jákvæðan aga (Positive Discipline) sem agastefnu og kemur Vinaliðaverkefnið sterkt inn í þá hugmyndafræði. Skólaárið 2019 - 2020 fær Glerárskóli styrk til eflingar tæknimála og jákvæðs aga.